

Fundarstjóri, stjórn, starfsmenn bankans og ágætu hluthafar.

Ég heiti Davíð Rúdólfsson og tala hér á fundinum fyrir hönd Gildis-lífeyrissjóðs.

Ég vil byrja á því að upplýsa fundarmenn um það að Gildi óskaði sérstaklega eftir því að bókun sjóðsins undir þessum dagsskrárlið yrði komið á framfæri við hluthafa í gögnum fundarins. Hér eru það jú hluthafar félagsins sem eru að koma saman til að ræða og taka afstöðu til málefna félagsins.

Ég vil jafnframt upplýsa fundinn um að þessari beiðni okkar var hafnað af stjórn bankans þar sem ekki væri um að ræða ályktunartillögu. Þessi afstaða kemur okkur á óvart og teljum það miður að hluthafar og aðrir fundarmenn hafi ekki greiðan aðgang að öllum fyrirliggjandi gögnum aðalfundarins og því ekki haft tækifæri til að kynna sér þessa bókun í aðdraganda hans. Líkt og bókunin ber með sér þá var henni komið á framfæri við félagið fyrir 10 dögum síðan.

Fyrir fundinum liggur tillaga stjórnar um uppfærðar starfsreglur tilnefningarnefndar bankans.

Gildi kom á framfæri þeirri skoðun sinni á aðalfundi bankans í fyrra það væri tilefni til að endurskoða fyrirkomulag tilnefningarnefndar. Gildi hafði þá það sjónarmið, og hefur enn, að eðlilegt væri að nefndarmenn í tilnefningarnefnd yrðu bornir undir hluthafanna á aðalfundi, í stað þess að vera allir skipaðir af stjórn. Jafnframt var þeirri athugasemd komið á framfæri að það væri óvenjulegt, og að mati sjóðsins tilefni til að endurskoða það fyrirkomulag að Bankasýsla ríkisins sem einn af hluthöfum bankans væri sérstaklega skrifaður inn í starfsreglur tilnefningarnefndar. Það er líklegast einsdæmi meðal skráðra félaga í kauphöllinni.

Það vekur athygli okkar sem hluthafi í bankanum að tillagðar breytingar af hálfu stjórnar á starfsreglum tilnefningarnefndar á þessum fundi taka í engu til ábendinga okkar á aðalfundinum í fyrra.

Í fyrirliggjandi tillögu stjórnar eru lagðar til breytingar til samræmis við 53. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Gildi-lífeyrissjóður styður vitaskuld að félagið starfi á hverjum tíma í samræmi við lög en telur þrátt fyrir það rétt að koma á framfæri athugasemdum varðandi efni breytinganna.

Að mati Gildis liggja ekki góð rök að baki því, sem kveðið er á um í hinum nýju lögum, að a.m.k þriðji hver nefndarmaður í tilnefningarnefnd skuli vera stjórnarmaður og aldrei færri en einn. Að mati Gildis bendir reynslan undanfarin ár meðal skráðra félaga á innlendum markaði raunar til hins gagnstæða, að það sé heppilegra fyrirkomulag að stjórnarmenn eigi almennt ekki sæti í tilnefningarnefndum. Þá kemur það einnig nokkuð spáskt fyrir sjónir, samkvæmt hinum nýju lögum sem verið er að innleiða á þessum fundi, að tilnefningarnefndir banka skuli nú jafnframt að hafa það lögbundna hlutverk að leggja mat á störf framkvæmdastjóra og stefnu fyrirtækisins um ráðningu framkvæmdastjóra og ákveðinna stjórnenda. Að mati Gildis er mun eðlilegra að umrædd verkefni séu á hendi stjórnar, ekki tilnefningarnefndar. Þess ber að geta að ekki er að sjá að ofangreindar breytingar í íslensku löggjöfinni eigi sér endilega stoð í þeim evrópsku reglum sem verið var að innleiða þar sem þessi efnisatriði eiga við um félög með annars konar stjórnskipulag en tíðkast á Íslandi. Gildi telur þessar breytingar ekki til eftirbreytni fyrir önnur skráð félög á markaðinum. Eru þær ef til vill þess eðlis að framangreind lagaákvæði þarfnist í raun endurskoðunar.

Eins og ég kom inn á hér á undan þá er hlutverk valnefndar Bankasýslu ríkisins sérstaklega skrifað inn í fyrirliggjandi tillögu stjórnar að uppfærðum starfsreglum tilnefningarnefndar bankans. Auk þess sem okkur þykir það óheppilegt fyrirkomulag þá viljum við ennfremur vekja sérstaklega athygli á því, líkt og fram kemur í fyrirliggjandi bókun, að við höfum efasemdir um að þetta fyrirkomulag sé í samræmi við 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem einmitt er verið að innleiða hér á fundinum í starfsreglur tilnefningarnefndar. Tilnefningarnefnd bankans er þannig eingöngu ætlað að leggja fram tillögu um frambjóðendur fyrir aðra hluthafa en íslenska ríkið og þannig eru í raun starfandi tvær tilnefningarnefndir fyrir bankann.

Við gerum athugasemd við fyrirliggjandi tillögur að starfsreglum tilnefningarnefndar og mun Gildi-lífeyrissjóður sitja hjá við afgreiðslu tillögunnar.